

# Fréttabréf AFLs

4. tbl. 2023

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



## Sjómannasamningar sigla í strand

Útlit var fyrir að samningar væru að nást í kjaradeilu Sjómannasambandsins við SFS fyrr í haust. Gamalt og nánast úrelt og misnotað ákvæði um yfirisun afla sem fer á markað erlendis, setur mögulegt samkomulag í uppnám.

Samningar tókust snemma á árinu en voru felldir í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna. Stjórn SSÍ hefur síðan reynt að greina hvernig unnt væri að gera samning sem nyti stuðnings sjómanna. Nokkur árangur hefur náðst í þeim málum sem helst voru gagnrýnd. Þannig hafði ákvæði um gerðardóm vegna umtalaðrar greinar 1.39, verið tekið út en í staðinn verið sett forsendunefnd sem aðilar skipa í sameiningu.

Þá hafði grein um veikindarétt verið skýrð frekar því í samtölum við sjómenn kom í ljós að nokkur misskilningur var á lofti um innihald hennar. Enn fremur hafði tekist að ná samkomulagi um styttingu kjarasamningsins – þannig að það yrði uppsagnarákvæði eftir 5 – 6 ár – en ef það yrði ekki nýtt framlengdist kjarasamningurinn.

Ofangreint eru atriði sem nokkur árangur hafði náðst um í viðræðuhóp aðila, en voru ekki frágengin og ekki orðin að „samningsdrögum“. Eitt af þeim atriðum sem sjómenn höfðu nefnt sem ástæðu þess að síðasti samningur var felldur – var að áhafnir ísfiskiskipa eru enn látnar mæta til að kasta nokkrum skóflum af ís yfir þau kör sem send eru úr landi.



Mynd úr safni AFLs.

Upphaflega ákvæðið er frá 1986 og kom til þegar gámaútflutningur á ferskum fiski hófst en sá fiskur var sendur á markaði erlendis. Mönnum þótti þá mikilvægt að það væru sjómennirnir sjálfir sem byggju um aflann til útflutnings, enda áttu þeir mikið undir því að gott verð fengist. Í dag er þessi afli í langflestum tilfellum þegar seldur og fer alls ekki á markað. Þá hefur meðhöndlun á öllum afla breyst mikið á síðustu áratugum og grunnurinn að góðu ástandi afla er lagður um borð í skipunum á meðan á veiðum stendur og þá með því hvernig gengið er frá

fiskinum í kör og hann ísaður þar.

Yfirisun við skipshlið er því engin geimvísindi og óþarfi að láta sjómenn taka hluta af hafnarfríu sínu til að kasta ís á nokkur kör – á meðan heilt löndunargengi er að störfum varla endað á annan veg en með verkfallsboðun.

Það er því krafa Sjómannasambandsins að þetta ákvæði hverfi úr kjarasamningum en SFS hefur hafnað því og því stefnir í áframhaldandi deilu sem getur varla endað á annan veg en með verkfallsboðun.

### Viðhald á húsi AFLs á Höfn

Félagsmenn sem leita aðstoðar AFLs á Hornafirði þurfa nú að fara á aðra hæð hússins til að finna starfsfólkið. Búið er að hreinsa út af neðri hæðinni enda voru verulegar fúa- og mygluskemmdir í útveggjum, sérstaklega gaflinum.

Áformað er að viðgerðum á neðri hæð ljúki vel tímanlega fyrir jóla og starfsfólk félagsins mæti þá á sínar hefðbundnu skrifstofur.

### AFL bætir við húsi í Ölfusborgum

AFL og Verkalyðsfélagið Hlíf hafa haft makaskipti á húsum. AFL lét Hlíf fá hús nr. 25 á Einarstöðum en fékk í staðinn hús nr. 35 í Ölfusborgum. AFL á fyrir hús nr. 14 og 15 í Ölfusborgum. Bæði húsin eru í góðu ástandi og voru afhent með innbúi og tækjum.

Hús nr. 35 kemur í leiguframboð AFLs á næstu dögum en umsjónarmaður félagsins er að fara yfir húsið og búnað þess. AFL á þá 15 hús á Einarstöðum og eru þau yfirleitt fullbókuð allar helgar að vetrarlagi og fullnýtt allt sumarið. Lokið er endurbótum á öllum húsum þar – utan sem innan.

## Viðhorfs- og launakönnun AFLs

Nú stendur yfir viðhorfs- og launakönnun AFLs og Einingar Iðju á Akureyri. Gallup á Íslandi sér um framkvæmd könnunarinnar og geta þeir sem lenda í úrtaki svarað könnuninni á íslensku, ensku eða pólsku.

Alls voru um 6.000 félagsmenn AFLs í pottinum sem úrtakið var dregið úr – en um 1.500 félagsmenn fengu ýmist tölvupóst, bréf eða símhringingu með ósk um þátttöku.

Félagið hefur gert þessar kannanir síðan 2011 í samvinnu við Einingu Iðju. Félögin litu til kannana sem Flóabandalagsfélögin, Efling, Hlíf og VSFK höfðu gert í nokkur ár.

Félagsmenn eru hvattir til að taka þátt og benda má á að nokkrir „happdrættisvinningar“ eru í boði. Tíu félagsmenn voru dregnir út úr heildarúrtakinu og fá þeir sem taka þátt kr. 15.000 krónur í vinning. Þá verður dregið um 150.000 kr. vinning, 50.000 króna vinning og

síðan vikuvöl í orlofshúsum eða íbúðum.

Niðurstöður könnunarinnar gefa forystu AFLs betri mynd af stöðu félagsmanna og raunlaunum á félagssvæðinu en gagnasafn allra kannana sem hafa verið gerðar gefur skýra vísbendingum um breytingar á félagssvæðinu – þróun á vinnutíma, launadreifingu, fjárhagsstöðu félagsmanna og svo ekki síst viðhorfi félagsmanna til ýmissa samfélagsmála.

## Úkraínsktt félagsfólk

## „Vöknuðum einn morguninn við að stríð var hafið“

Félagsfólki frá Úkraínu hefur fjölgað verulega í AFLi síðan Rússland hóf innrás sína í lok febrúar 2023. Fjöldi fólks, bæði sem formlegt flóttafólk en einnig fullkomlega á eigin vegum, yfirgaf landið. Meðal þeirra var Oksana Snisarenko sem býr á Egilsstöðum.

„Vinkona mín, Iryna Boiko, hefur búið hér í rúman áratug og hún hjálpaði mér og syni mínum til að koma hingað eftir að stríðið braust út,“ segir Oksana. Hún bjó í Cherkasy, um 200 km suðaustur af höfuðborginni Kiev, þegar innrásin hófst að morgni 24. febrúar í fyrra. Um tveimur vikum síðar yfirgaf hún landið og hélt til Íslands.

„Við vöknuðum einn morguninn við að stríð væri hafið. Við vissum ekkert hvað við ættum að gera eða hvert við ættum að fara. Þetta var ógnvænlegt, við heyrðum sírenurnar og það var streituvaldandi, sérstaklega fyrir strákin minn. Það er erfitt að útskýra líðan fólksins. Margir íbúar fóru úr landinu. Það leiddi til þess að það voru langar bílaraðir á vegunum.“

### Viðbrigði að koma í kuldann, myrkríð og vindinn

Mæðginin komu því til Íslands í mars. Oksana segir það hafa verið töluverð viðbrigði. „Löndin eru



Oksana Snisarenko

gerólík. Mesti munurinn felst í loftslaginu, við erum von að það sé hlýrra en hér. Það getur líka orðið mjög kalt í Úkraínu á veturna en birtan er meiri. Þegar við komum var kalt og hvasst hér, sem gerði fyrstu dagana erfiða. Við fórum líka úr landi bara með eina ferðatösku.“

Síðan er nóttin björt hér hér hálf tón árið en svört hinn helminginn. Það getur verið erfitt og þess vegna tók fyrsta árið hér á. Þess vegna skil ég að það sé gott að hafa kost á að geta farið erlendis í frí til að sjá sólina. Við höfum annars aðlagast þessu og líður orðið mjög vel hér núna.“

### Þakklát fyrir hjálpina

Oksana hafði áður unnið á snyrtistofu og Iryna hjálpaði henni

til að fá vinnu á Snyrtistofu Öldu. „Ég er mjög ánægð með að hafa fengið vinnu á mínu sviði.

Ég kann mjög vel við fólk í hér. Egilsstaðir eru ekki stór staður þannig að allir þekkja alla og hjálpast að. Ég fékk til dæmis mikla hjálp á meðan ég var að leita að íbúð og vinnu. Nú þarf ég aftur að horfa eftir íbúð því leigusamningurinn er að renna út. Ég sagði Irynu og Öldu frá því og þær sögðu mér að vera bara róleg, þær myndu ganga í málið. Ég er mjög þakklát fyrir að eiga þær að.“

Nú ára syni hennar vegnar líka orðið vel. „Þetta var sérstaklega erfitt fyrir hann í byrjun því hann talaði enga ensku. Skólinn er hins vegar alþjóðlegur, þar eru líka krakkar frá löndum eins og Serbíu og Póllandi.

Krakkarnir tala allir saman þannig enska sonar míns hefur batnað og hann er jafnvel farinn að tala pólsku. Stundum eru hann og vinir hans saman að spila tölvuleiki. Þeir segja eitt orð á pólsku, annað á ensku og hið þriðja á íslensku. Ég skil ekki neitt en þeir skilja hvern annan!

Ég hef líka verið dugleg að spyrja hann hvernig honum líður og hann svarar mér að hann eigi marga vini og kennararnir séu vingjarnlegir. Það gleður mig að heyrja.“

### Gott að fá styrk í íslenskunámið

Sjálf segist hún hafa náð að bjarga sér vel á ensku auk þess sem hún hafi fljótlega farið að læra íslensku. „Ég er mjög ánægð með að fólk á öllum aldri, frá börnum upp í gamalmenni, geta talað ensku. Þannig er það ekki í Úkraínu. Ég er að læra íslensku og skil orðið töluvert. Málið er erfitt þannig að það gengur hægt en ég reyni og stöku sinnum get ég svarað til baka.“

Við íslenskunámið hefur hún meðal annars nýtt sér styrki sem í boði eru frá AFLi. „Ég fékk styrk þegar ég fór að læra íslensku og líka þegar ég keypti mér kort í ræktina. Að fá svona pening til baka þekktist ekki í Úkraínu. Þetta er líka í fyrsta sinn sem ég nýti mér þjónustu verkalyðsfélags því þau eru varla til í Úkraínu.“

## Trúnaðarmannanámsskeið AFLs

Síðasta trúnaðarmannanámsskeið félagsins var haldið 3. – 6. október á Hótel Staðarborg í Breiðdal. Nítján trúnaðarmenn víða að af félagssvæði AFLs mættu á námskeiðið.

Námskeiðið var í umsjón Félagsmálaskólans eins og venjulega. Aðalleiðbeinandinn var Sigurlaug Gröndal og þá var formaður AFLs, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir með fræðslu um félagið og starfsemi þess. Þá fjallaði Bjarni Þór Sigurðsson, starfsmaður ASÍ, um almannatryggingar og lífeyrissjóði.

Námskeiðið var haldið á Staðarborg eins og öll námskeið til fjölda ára og kunna trúnaðarmenn félagsins vel við sig hjá staðarhaldaranum, Arnóri Stefánssyni. Þátttakendur gistu í 2 – 3 nætur og voru að vanda í góðu yfirlæti þessa daga.



Glaðbeittur hópur trúnaðarmanna framan við Staðarborg.



Auður Freyja Bolladóttir, Fiskeldi Austfjarða/Löxum, Heiðrún Högnadóttir, Skjólgarði hjúkrunarheimili, Júlía Þorsteinsdóttir, grunnskóla Hornafjarðar og Snjólaug Ósk Björnsdóttir, hjá hjúkrunarheimilinu Dyngju.



Guðmundur Heiðar Eypórsson, MVA, Olga Sigurbjörnsdóttir, Skinney Þinganesi – fiskvinnslu og Elena Björg Ólafsdóttir, leikskólanum Tjarnarskógi

Úkraínskt félagsfólk

# Saknar fjölskyldu og vina en elskar landslagið

Anastasia Gulchenko er í hópi þeirra Úkraínubúa sem flust hafa til Austurlands síðan stríðsrekstur Rússa í landi þeirra hófst í lok febrúar í fyrra. Anastasia segist una sér vel í vinnunni hjá Lyfju á Egilsstöðum og í íslenskri náttúru þótt veran hér fjarri fjölskyldu og vinum reyni stundum á.



Anastasia Gulchenko.

„Það eru margir sem hafa spurt mig af hverju ég hafi komið einmitt hingað. Svarið er að ég á þrjá frændur hér, tvo á Borgarfirði og einn á Egilsstöðum. Ég bjó til að mynda hjá einum þeirra fyrstu tvo mánuðina eftir að ég kom. Annars hefði ég kannski endað í Reykjavík,“ segir hin 22ja ára gamla Anastasia.

Hún bjó í Kænugarði þegar innrásin hófst þann 24. febrúar í fyrra og vaknaði, eins og margir aðrir íbúar Úkraínu, upp við loftvarnaflautur. „Ég man að ég vaknaði klukkan sex um morguninn við sírenur og þyt í eldflaugum. Fólkið var óttaslegið.“

## Fannst allt vonlaust fyrst

Anastasia hafði þá búið í Kænugarði í fimm ár en fór strax á heimili foreldra sinna í litlum bæ sem hún segir vera svo gott sem nákvæmlega inni í miðju landinu. Hún var þar í viku áður en hún fór til Íslands. Hún segir fyrstu dagana á landinu hafa verið afar erfiða. „Ég held að ég hafði verið hálf þunglynd. Mér fannst allt ömurlegt og vildi helst fara strax til baka. Ég saknaði fjölskyldu minnar og vina. Það var heldur ekkert á

dagskránni að flytja til Íslands,“ rifjar hún upp.

Síðan hefur leiðin legið upp á við. „Mér finnst náttúran algjörlega stórkostleg og þess vegna ferðast ég mikið þegar ég á frí. Ég hef engar áætlanir um að flytja neitt í bráð.“

Það er í tengslum við þessar ferðir sem hún nýtir helst þjónustu AFLs. „Ég nýti mér stundum orlofsibúðirnar þegar ég er að ferðast. Þær eru mjög góðar.“

## Óskar sér helst fleira ungs fólks

En hún saknar enn heimahaganna. „Ég tala við fjölskyldu mína og vini hvern einasta dag. Í þorpinu þar sem foreldrar mínir búa hljóma viðvörunarflautur alla daga. Stundum fljúga flugskeyti þar hjá. Hins vegar er bærinn ekki

hernaðarlega mikilvægur og þess vegna hefur hann ekki orðið fyrir sprengjuárásum. Ég fyllist stundum sorg yfir hvernig komið er fyrir landinu mínu. Þetta er svo hrikalega brjáláð. Margt fólk hefur dáið. Ég hef samt aðeins misst einn ættingja og sá var í hernum.“

Hún segist líka sakna þess að hafa ekki fleira fólk á sínum aldri eystra. „Það er ekki auðvelt að eignast vini á mínum aldri hér. Það væri gaman að hanga saman og gera eitthvað. Ég á alveg vini en það er frekar eldra fólk, á aldrinum 50-60 ára.“

Af fólkinu frá Úkraínu held ég mest til með nánum hópi sem heldur til hér á Egilsstöðum. Við höfum lítið náð að tengjast fólkinu sem býr á Eiðum. Ég hef reynt að nálgast það en sá hópur virðist halda sig út af fyrir sig.

En ég kynnist líka fólki frá Úkraínu í vinnunni þegar ég þarf að afgreiða það eða það vantar hjálp með lyfin sín.“

## Lyfja studdi við íslenskunámið

Anastasia segist hafa það afar gott í Lyfju og bæði samstarfsfólk og yfirmenn hafi stutt við sig. „Ég er búin að vera að læra lyfjafræði í Úkraínu og hef getað haldið því áfram í gegnum netið. Ég var fljót að fá vinnu. Iryena Boiko, kona frænna míns, hjálpaði mér við það.“

Fólk hérna er mjög opið og yndislegt. Samstarfsfólk mitt er algjörlega stórkostleg og mér líður mjög vel í vinnunni. Inga Sæbjörg Magnúsdóttir, útibússtjóri, hefur reynt mér mjög vel, þegar mig langaði til að læra íslensku þá hafði hún samband við sína yfirmenn eftir stuðningi. Svarið var já, þeir sögðu að ég þyrfti að kunna íslensku til að geta sinnt starfinu mínu við að tala við eldra fólk.“

Ekki er annað að heyra en að Anastasia hafi lagt hart að sér í íslenskunámi. „Ég er búin með tvö námskeið hjá Austurbrú. Síðan skræði ég mig í einn áfanga í Menntaskólanum á Egilsstöðum því ég vildi læra meira. Ég æfi mig á hverjum degi. Mér finnst gaman að læra og tala íslensku. Ég vil líka geta gert það. Það er betra að geta tala málið því þetta er ekki mitt fæðingarland.“

# Starfsdagur grunnskólastarfsfólks 2023

Þann 15. september sl. komu á sjöunda tug félagsmanna AFLs saman á Starfsdegi grunnskólastarfsfólks 2023. Dagurinn var haldinn á Reyðarfirði að þessu sinni. Áformað hafði verið að halda daginn á Hótel Hallormsstað og bjóða upp á góðan kvöldverð

að degi loknum en í ljós kom að nokkur fjöldi félagsmanna hafði ekki áhuga á að eyða svo miklum tíma í dagskrána. Því var atburðurinn fluttur á Reyðarfjörð og dagskránni þjappað saman þannig að kvöldverður kom í lok formlegrar dagskrár.

Á dagskrá voru m.a. Sigurður Ólafsson, sem fjallaði um jákvæð viðbrögð og samskipti og gerði það vel að vanda. Þá voru Samtökin 78 með dagskrá um „hinsegin fræðslu“ en við höfðum fengið nokkrar ábendingar, frá félagsmönnum sem starfa í grunnskólunum, um að slíka fræðslu vantaði.

Þá fjallaði Hjördís Þóra Sigurbórsdóttir, formaður AFLs, um nýgerðan kjarasamning og svaraði spurningum félagsmanna. Loks kynnti Sverrir Albertsson, nýjungar á „mínum síðum“ félagsins og ræddi við félagsmenn um orlofsmál og ástand eigna.



Sigurður Ólafsson fjallaði um jákvæð viðbrögð og samskipti.



Dagurinn var fjölsóttur.

# Samkeppnisákvæði í ráðningarsamningum

-eðlileg skilyrði fyrirtækis eða hamlá gegn atvinnufrelsi fólks

Fjöldi félagsmanna, aðallega erlendra, hefur leitað til AFLs sl. 12 mánuði vegna ákvæðis sem eitt af fyrirtækjum á starfssvæði AFLs hefur sem viðhengi við ráðningarsamninga. Þetta er svokallað samkeppnisákvæði – þar sem kveðið er á um að starfsfólki sé óheimilt í sex mánuði eftir starfslok hjá viðkomandi fyrirtæki, að ráða sig til samskonar eða sambærilegs starfs eða verkefna, þannig að það fari í bága við samkeppnishagsmuni fyrirtækisins vegna þeirrar þjálfunar og kennslu sem telst ekki almenn eða aðgengileg og viðkomandi hefur fengið hjá fyrirtækinu.

Það sem óvenjulegt er við þetta samkeppnisákvæði er að því er beint að almennu starfsfólki fyrirtækisins sem vissulega þarf ákveðna þjálfun til starfa eins og reyndar gildir um flest störf á almennum vinnumarkaði. Það hefur hins vegar lengi tíðkast að sett eru samkeppnisákvæði á stjórnendur og starfsfólk sem býr yfir sérstakri þekkingu á málefnum fyrirtækis – til að koma í veg fyrir að þeiu ráði sig síðan til helsta keppinautar og geti þannig unnið fyrirtækinu samkeppnislegt tjón.

AFL og viðkomandi fyrirtæki hafa deilt um málið og er sjónarmið fyrirtækisins að viðkomandi starfsfólk komi til fyrirtækisins óþjálfað til þess starfs sem þau síðan gegna. Fyrirtækið beri þannig kostnað af því að finna þau og ráða til starfa og þjálfna þau og kenna þeim þar til þau fá viðeigandi þekkingu og færni til að sinna tilteknum störfum. Önnur fyrirtæki – sem þetta fyrirtæki skilgreinir sem samkeppnisfyrirtæki – geti síðan ráðið fólk til sín með þessa þekkingu og færni en án þess að bera nokkurn kostnað.

## Á ákvæðið rétt á sér?

Í samkeppnisákvæði sem starfsmenn þurfa að undirrita er ákvæði um féviti að upphæð 1% af meðalmánaðarlaunum starfsmanns fyrir hvern almanaksdag er viðkomandi brýtur gegn samkeppnisákvæðinu – allt að 180 daga eða um allt að tæplega tvenn mánaðarlaun. Miðað við greidd heildarlaun fyrirtækisins er hægt að reikna með að févitið geti numið allt að 1,6 milljónum króna.

Sjónarmið AFLs er að ákvæði þetta standist hvorki kjarasamninga eða lög. Í kjarasamningum eru viðmiðin þessi þegar metið er hvort samkeppnisákvæði eigi rétt á sér:

*–Hvers konar starfi viðkomandi starfsmaður gegnir, t.d. hvort hann*



Mynd úr safni AFLs. Hún tengist fréttinni ekki með beinum hætti.

*er lykilstarfsmaður, er í beinu sambandi við viðskiptamenn eða ber ríka trúnaðarskyldu. Einnig hvaða vitneskju eða upplýsingar starfsmaðurinn kann að hafa um starfsemi fyrirtækisins eða viðskiptamenn þess.*

*–Hversu bratt þekking starfsmannsins úreldist og hvort gætt sé eðlilegs jafnræðis á milli starfsmanna.*

*–Hvers konar starfsemi er um að ræða og hverjir eru samkeppnisaðilar á þeim markaði sem fyrirtækið starfar og þekking starfsmanns nær til.*

*–Að atvinnufrelsi starfsmanns sé ekki skert með ósanngjörnum hætti.*

*–Að samkeppnisákvæðið sé afmarkað og hnitmiðað í því skyni að vernda ákveðna samkeppnishagsmuni.*

*–Þá hefur einnig ábrif hvaða umbun starfsmaður fær, t.d. hver laun hans eru.*

Sjá nánar á vinnuréttarvef ASÍ. AFL telur að ákvæðin, sem kvartað hefur verið undan, stangist klárlega á við atvinnufrelsi almenns launafólks og það fyrirtæki sem ákvæðið beinist helst að sé ekki einusinni samkeppnisaðili í löglegum og hefðbundnum skilningi þess orðs. Þ.e. annað fyrirtæki selur hinu fyrirtækinu þjónustu en þau keppa ekki um viðskipti – heldur öllu frekar starfsfólk.

## Fyrirtæki nýta sér yfirburðastöðu

Lögmaður fyrirtækisins er öndverðrar skoðunar og vitnar til hæstarrettardóma máli sínu til stuðnings. Á það ber að líta að þeir dómur fjalla yfirleitt um starfsmenn með sérstaka reynslu og menntun og í sérhæfðum störfum og/eða stjórnunarstörfum. Í öllum dómum sem við höfum skoðað fóru þeir starfsmenn sem dómarnir taka til – til fyrirtækja með sambærilegan rekstur eða jafnvel stofnuðu fyrirtæki í beinni samkeppni við fyrri launagreiðanda.

Þeir félagsmenn AFLs sem hafa skrifað undir þetta ákvæði eru flestir erlendir. Þetta ákvæði ásamt ráðningarsamningi er lagt fyrir þá við komuna til landsins. Fæstir þeirra lesa íslensku og mögulega er skilningur á t.d. ensku líka lítill. Þannig gera sér ekki allir grein fyrir því hvað þeir skrifuðu undir og einnig standa menn í þeirri trú að þetta sé alsíða á Íslandi. Í þessu sambandi hefur launagreiðandinn í fyrsta lagi yfirburðarstöðu gagnvart launamanni við samningsgerðina, í öðru lagi séu fyrirtækin tvö ekki í beinni samkeppni heldur í nánnum viðskiptum, í þriðja lagi sé ákvæðið íþyngjandi og loks að það hamlá atvinnufrelsi manna um of.

## Laun skulu greidd í peningum

Í síðasta tilviki þar sem félagið deildi við viðkomandi fyrirtæki hafði fyrirtækið þegar „skuldajafnað“ féviti á þau laun sem starfsmaður átti ógreidd. Eftir samskipti milli

AFLs og fyrirtækisins leiðrétti fyrirtækið þessa framkvæmd og greiddi starfsmanninum ógreidd laun en áskildi sér jafnframt rétt til innheimtu á féviti.

Fyrirtækið hefur síðan gert nýja útgáfu af samkeppnisákvæðinu er nýir starfsmenn skrifa undir þar sem þeir gefa um leið heimild til skuldajöfnunar, brjóti þeir gegn samkeppnisákvæðinu.

Skuldajöfnun var á árum áður eitt helsta verkfæri kaupmanna og fyrirtækja til að halda alþýðufólki í fátæktafjötrum og yfirleitt sáu alþýðheimili sjaldan peninga. Menn voru í reikningi hjá einhverjum kaupmanninum og launin gengu upp í verslunarskuldina. Þannig var atvinnufrelsi fólks lítið – því erfitt var að slíta sig frá kaupmanninum á meðan viðkomandi skuldaði.

Því var mikil framför er „Lög um greiðslu verkkaups í peningum“ voru sett á alþingi 1930 – ekki sist fyrir baráttu verkalyðshreyfingarinnar – þar sem skuldajöfnun var hreinlega bönnuð. Því miður er þó ákvæði í lögnum sem heimila að menn semji um slíkt skuldauppgjör. Því getur orðið snúið að verjast þessum málum í framtíðinni og full ástæða til þess að taka misnotkun þess arna í kjarasamningum.

Eftir stendur að fyrirtækið hefur yfirburðarstöðu í samningum við þá verkamenn sem koma til landsins til þess að starfa hjá því og þetta ákvæði í ráðningarsamningi er ósanngjarnt og setur skorður á atvinnufrelsi þessara félagsmanna okkar.

Það mun því koma að því fyrir en síðar að AFL láti reyna á ákvæðið fyrir dómstólum – verði því beitt gegn félagsmönnum.